

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

73. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn fimmtudaginn 29. nóvember 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 9:30.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal, Oddur Jakobsson og Guðbjörg Sigurjónsdóttir. Af hálfu SNS mættu, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Haukur Þór Haraldsson og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Mál félagsmanns er varðar röðun tónlistarskólakennara sem lokið hefur burtfaraprófi í starfsheiti.

Niðurstaða

Farið yfir gögn frá SNS. Málið rætt, afgreiðslu frestað.

2. Hvernig er farið með veikindi tónlistarskólakennara sem er í vetrarleyfi?

Niðurstaða:

Um veikindi í vetrarleyfi/frí og sumarleyfi gildir að ef tónlistarskólakennari veikist, tilkynnir um veikindin og afhendir vottorð að uppfylltum ákvæðum kjarasamnings á hann orlofið til töku síðar.

Til áréttingar er samstarfsnefnd sammála um að ef tónlistarskólakennari veikist í skólaleyfum s.s. um jól og páska skapast ekki réttur til orlofstöku síðar eins og á við í þeim tilfellum sem veikindin koma upp á sumarorlofstíma og í vetrarleyfi/fríi.

3. Er starfsferill/kennsluferill tónlistarskólakennara í grunnskóla metinn þegar hann hefur störf í tónlistarskóla?

Niðurstaða:

Starfsferill/kennsluferill tónlistarskólakennara í leik-, grunn- og framhaldsskóla er metinn í tónlistarskóla.

Áréttað skal að í grein 2.3.12 í kjarasamningi FG er fjallað um nýliða og rétt þeirra til kennsluafsláttar. Tónlistarskólakennari sem er að hefja störf í grunnskóla getur ekki talist

vera nýliði í kennslu sbr. grein 2.3.12 þegar hann fær kennsluferil sinn vegna kennslu í tónlistarskólanum metin til launa þegar hann hefur störf í grunn- eða leikskóla.

4. Mál er lítur að ágreiningi milli tónlistarskólakennara og sveitarfélags þar sem kennarinn telur sig eiga rétt til geiðslu yfirvinnu vegna aksturs milli starfsstöðva sbr. grein 5.3.2 í kjarasamningi.

Kennarinn kennir á þremur stöðum. Vinnustöð A, sem hann býr nálægt, vinnustöð B og vinnustöð C. C er jafnframt heimastöð Tónlistarskólans. Um akstur milli starfsstöðva er fjallað í kjarasamningi FT grein 5.3.2. Akstur til og frá vinnu:

Starfsmaður skal sækja vinnu til fasts ráðningarstaðar (heimastöðvar) á eigin vegum og í tíma sínum. Nú innir kennari vinnuskyldu sína í tilteknu starfi af hendi í tveimur skólum (starfsstöðvum) sem reknir eru af sama vinnuveitanda, og skal þá greiða kennara fyrir ferðatíma milli vinnustaða og skv. akstursdagbók vegna ferðakostnaðar. Heimilt er að semja nánar um hvernig ákvæði greinar þessarar skuli framkvæmd í einstökum tilfellum svo og ef um sérstakar aðstæður er að ræða.

Ef vinnustöðvar starfsmanns í einu starfi hjá tilteknum vinnuveitanda eru fleiri en ein greiðist ávallt kostnaður vegna aksturs milli vinnustöðva innan sama vinnudags, enda telst ferðatími til vinnutíma.

Ef vinnustöðvar starfsmanns í einu starfi hjá tilteknum vinnuveitanda eru fleiri en ein þannig að starfsmanni ber að mæta á ólíkar vinnustöðvar eftir vikudögum gildir eftirfarandi:

Sé vinnustöð og heimastöð innan sama þéttbýlissvæðis ber starfsmanni að sækja vinnu á vinnustöð á eigin vegum og í tíma sínum, sbr. 1. mgr. greinar 5.3.2.

Sé vinnustöð fjarri heimastöð greiðist ferðakostnaður og ferðatími frá heimastöð.

Niðurstaða:

Í skýringarákvæði við grein 5.3.2 um akstur til og frá vinnu segir að sé vinnustöð fjarri heimastöð greiðist ferðakostnaður og ferðatími frá heimastöð.

SNS vill bóka eftirfarandi:

Skólastjóri ber ábyrgð á og skal hafa yfirsýn yfir það hvort kennari sem hjá honum starfar er að uppfylla allan sinn vinnutíma og ráðstafar hann tíma til faglegra starfa, skipuleggur faglegt starf og kennslu í skólanum ásamt því að skipuleggja endurmenntun og starfsdaga.

Ef það er staðfest af hálfu skólastjóra að öllum samningsbundnum vinnutíma sé skilað með réttmætum hætti ber sveitarfélaginu að greiða yfirvinnu vegna aksturstíma milli starfsstöðva eða semja um það með hvaða hætti greitt er fyrir það vinnuframlag sem í akstrinum felst sbr. ákvæði greinar 5.3.2 en þar kemur fram að heimilt sé að semja nánar um hvernig ákvæði greinarinnar skuli framkvæmd í einstaka tilfellum svo og ef um sérstakar aðstæður er að ræða.

SNS lítur þannig á að skilyrði þess að fá yfirvinnu greidda vegna aksturstíma (annarra starfa) sé að starfsmaður hafi uppfyllt 1800 klst árlegt vinnuframlag miðað við fullt starf og skili öllum sínum vinnutíma skv. kjarasamningi gr. 2.1.6.2. s.s. hvað varðar kennslu, fagleg störf, endurmenntun að sumri, undirbúnings, frágangsdaga og tónleika.

FT vill bóka eftirfarandi:

Fjallað er um skiptingu vinnutíma í kjarasamningi KÍ vegna FT. Árleg vinna á skóladögum (kennslutíma nemenda) skiptist í kennslu, tónleika og tónfundi og önnur fagleg störf sbr. gr. 2.1.6.2 í kjarasamningi KÍ vegna FT. Til annarra faglegra starfa kennara heyrna s.s. „undirbúningur undir kennslu, mat á námsárangri, námsefnisöflun, umsjón með stofu og útlánum og viðhaldi hljóðfæra, umsjón með bóka- og nótnasafni, skólanámskrárvinna, gerð kennsluáætla, gerð einstaklingsnámskráa, innra mat á skólastarfi, foreldrasamstarf, innbyrðis samstarf kennara og samstarf þeirra við aðra sérfræðinga, hljómsveitir og kóra, þátttaka í vinnuteyrum og annað sem til starfs tónlistarskólakennara heyrir“ sbr. gr. 2.1.6.3 í kjarasamningi KÍ vegna FT.

Fjallað var um hvernig eigi að greiða fyrir tíma sem fer í akstur milli kennslustaða á 60. fundi¹ og 48. fundi² samstarfsnefndar FT og SNS. Af þeim fundargerðum og gr. 2.1.6.3 í kjarasamningi KÍ vegna FT má leiða, að það liggur ljóst fyrir að:

¹ „Dagskrárliður 2 í fundargerð:

„2. Hvernig skal greiða fyrir tíma sem fer í akstur milli kennslustaða - 1309028SA

Samstarfsnefnd tók svipuð erindi fyrir á 17. fundi 10. desember 2002 og 28. fundi 29. nóvember 2006 þar sem eftirfarandi var bókað:

„Sveitarfélag ræður tónlistarskólakennara til kennslu í ákveðið starfshlutfall sem ákvarðast af þeim fjölda kennslustunda sem hann er ráðinn til að kenna þar til fullu starfi er náð. Það sem hann kennir umfram 100% starf greiðist sem kennsluyfirvinna. Ekki skiptir máli hvort kennslan fer fram við einn skóla eða fleiri í sama sveitarfélagi. Kennar stundir ákvarða starfshlutfall og ekki er heimilt að taka annað inn í það. Það er því ekki heimilt að reikna tíma, sem fer í akstur milli vinnustöðva, inn í starfshlutfall.“

Skv. gr. 2.3.1 er yfirvinna m.a. sú vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé. Vikuleg vinnuskylda afmarkast af kenndum stundum og afleiddum störfum skv. gr. 2.1.6.2. Þá er jafnframt vísað til fyrri afgreiðslu samstarfsnefndar frá 28. fundi hennar þann 29. nóvember 2006 varðandi akstur milli kennslustaða (liður 6) þar sem stendur:

„Meginreglan varðandi yfirvinnugreiðslur er sú að þær skulu inntar af hendi ef unnið er lengur en sem nemur vinnuskyldu sbr. gr. 2.1.6.2. Ef tími til aksturs veldur því að unnið er umfram vinnuskyldu (vinnuskylda færð til) skal greiða fyrir það með yfirvinnu. Vakin er athygli á lokamálgrein gr. 5.3.2 þar sem segir: „Heimilt er að semja nánar um hvernig ákvæði greinar þessarar skuli framkvæmd í einstökum tilfellum svo og ef um sérstakar aðstæður er að ræða.“

Af ofangreindu leiðir eftirfarandi:

a. Flokkast sá tími sem fer í akstur undir „önnur fagleg störf“?

Niðurstaða: Nei

b. Ef ekki, eða ef aksturstími rúmast ekki innan annarra faglegra starfa, á hvaða taxta skal þá greiða fyrir þennan tíma?

Niðurstaða: Með yfirvinnu annarri en kennslu sbr. gr. 1.7.5. Heimilt er að semja nánar um hvernig ákvæði greinar þessarar skuli framkvæmd í einstökum tilfellum svo og ef um sérstakar aðstæður er að ræða.

c. Er heimilt að auka starfshlutfall kennara um sem nemur þeim tíma sem fer í akstur milli kennslustaða?

Niðurstaða: Nei“

² Dagskrárliður 4 og 5 í fundargerð:

„4. Erindi vegna aksturs til og frá vinnu – 1111010SA

- Akstur flokkast ekki undir önnur fagleg störf.³
- Ekki er heimilt að reikna tíma sem fer í akstur á milli vinnustöðva inn í starfshlutfall.⁴

Af því leiðir að almennt er óheimilt að tengja saman vinnuskildu vegna annars vegar kennslu og annarra faglegra starfa og hins vegar greiðslur vegna aksturstíma.

Fram kemur í inngangi kjarasamnings KÍ vegna FT að skólastjóri:

- Ráðstafi vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi tónlistarskólans kallar á.
- Skipuleggi og beri ábyrgð á að störf kennara og millistjórnenda nýtist nemendum í námi þeirra.

Óskað var eftir því að samstarfsnefnd fjallaði um ágreining varðandi það hvort starfsmaður verði að taka rútu sem gengur á ákveðnum tíma á milli staða eða fái greitt fyrir að nota eigin bíl til að komast á milli staða. Starfsmaður telur áætlunarferðirnar falla illa að vinnutíma sínum sökum þess hver langur biðtími myndast. Í grein 5.3.2 stendur:

„Nú innir kennari vinnuskyldu sína í tilteknu starfi af hendi í tveimur skólum (starfsstöðvum) sem reknir eru af sama vinnuveitanda, og skal þá greiða kennara fyrir ferðatíma milli vinnustaða og skv. akstursdagbók vegna ferðakostnaðar.“

Og í skýringarkassa við sömu grein stendur:

„Ef vinnustöðvar starfsmanns í einu starfi hjá tilteknum vinnuveitanda eru fleiri en ein greiðist ávallt kostnaður vegna aksturs milli vinnustöðva innan sama vinnudags, enda telst ferðatími til vinnutíma.“

Niðurstaða:

Geri vinnuveitandi kröfu um að starfsmaður taki áætlunarbíl milli starfsstöðva í stað þess að greiða skv. akstursdagbók ber vinnuveitanda að greiða fyrir heildarferðatíma, þar með talinn þann tíma sem fer í að bíða eftir áætlunarbílnum.“

„5. Erindi vegna aksturs til og frá vinnu – 1109006SA

Óskað var eftir því að samstarfsnefnd skýrði betur ákvæði 2. mgr. gr. 5.3.2 þar sem stendur:

„Nú innir kennari vinnuskyldu sína í tilteknu starfi af hendi í tveimur skólum (starfsstöðvum) sem reknir eru af sama vinnuveitanda, og skal þá greiða kennara fyrir ferðatíma milli vinnustaða og skv. akstursdagbók vegna ferðakostnaðar.“

Og í skýringarkassa við sömu grein stendur:

„Ef vinnustöðvar starfsmanns í einu starfi hjá tilteknum vinnuveitanda eru fleiri en ein greiðist ávallt kostnaður vegna aksturs milli vinnustöðva innan sama vinnudags, enda telst ferðatími til vinnutíma.“

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd tók svipað erindi fyrir á 17. fundi sínum þar sem var bókað:

„Sveitarfélag ræður tónlistarskólakennara til kennslu í ákveðið starfshlutfall sem ákvarðast af þeim fjölda kennslustunda sem hann er ráðinn til að kenna þar til fullu starfi er náð. Það sem hann kennir umfram 100% starf greiðist sem kennsluyfirvinna. Ekki skiptir máli hvort kennslan fer fram við einn skóla eða fleiri í sama sveitarfélagi. Kennar stundir ákvarða starfshlutfall og ekki er heimilt að taka annað inn í það. Það er því ekki heimilt að reikna tíma, sem fer í akstur milli vinnustöðva, inn í starfshlutfall.“

Skv. gr. 2.3.1 er yfirvinna m.a. sú vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé. Vikuleg vinnuskylða afmarkast af kenndum stundum og afleiddum störfum skv. gr. 2.1.6.2.

Þá er jafnframt vísað til fyrri afgreiðslu samstarfsnefndar frá 28. fundi hennar þann 29. nóvember 2006 varðandi akstur milli kennslustaða (liður 6) þar sem stendur:

Meginreglan varðandi yfirvinnugreiðslur er sú að þær skulu inntar af hendi ef unnið er lengur en sem nemur vinnuskyldu sbr. gr. 2.1.6.2. Ef tími til aksturs veldur því að unnið er umfram vinnuskyldu (vinnuskylða færð til) skal greiða fyrir það með yfirvinnu. Vakin er athygli á lokamálsgrein gr. 5.3.2 þar sem segir: „Heimilt er að semja nánar um hvernig ákvæði greinar þessarar skuli framkvæmd í einstökum tilfellum svo og ef um sérstakar aðstæður er að ræða.““

³ Fundargerð 60. fundar samstarfsnefndar FT og SNS. Gr. 2.1.6.2 og gr. 2.1.6.3 í kjarasamningi KÍ vegna FT.

⁴ Fundargerðir 48. og 60. fundar samstarfsnefndar FT og SNS.

- Ákveði magn kennslu og skipulag hennar (stundatöflu) fyrir hvern kennara og skipuleggi tónleikahald innan þeirra marka sem kjarasamningur gerir ráð fyrir.
- Sé forstöðumaður skóla og beri faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi skóla.
- Verkstýri starfsemi skólans.

Það þarf því að vera skýrt í upphafi skólaárs hvernig skólastjóri ráðstafi vinnu kennara til faglegra starfa og verkefna. Starfsmönnum ber almennt að hlíta lögmætum fyrirmælum yfirmanns. Fari starfsmaður ekki eftir lögmætum fyrirmælum yfirmanns getur það varðað áminningu og uppsögn vegna ítrekaðra brota sbr. gr. 9.6 í kjarasamningi KÍ vegna FT. Það er á ábyrgð skólastjóra að fylgjast með því að starfsmenn sinni starfi sínu. Ekki ætti að tengja saman frammistöðu í starfi og greiðslur vegna t.d. aksturs, hljóðfæragsjalds eða annaruppbótar enda er um ótengda þætti að ræða.

Skv. gr. 2.3.1 í kjarasamningi KÍ vegna FT er yfirvinna m.a. sú vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé. Vikuleg vinnuskylda afmarkast af kenndum stundum og afleiddum störfum skv. gr. 2.1.6.2.⁵ Í grein 2.3.5 í kjarasamningi KÍ vegna FT, um yfirvinnu og gjalddaga, kemur fram að yfirvinna skal greidd eftir á fyrir hvern mánuð eða hverja þrjátíu daga og komi til útborgunar eigi síðar en 15 dögum eftir síðasta reikningstímabil.⁶ Um greiðslu yfirvinnu vegna aksturs fer skv. kjarasamningsgrein 2.3.5 í kjarasamningi KÍ vegna FT og FT telur það ekki standast skoðun að skilyrða greiðslurnar við það að árlegt vinnuframlag hafi verið innt af hendi.

Þá ber að geta þess að engin fordæmi eru fyrir því að tengja saman svo ólíka þætti eins og önnur fagleg störf og greiðslur fyrir aðra liði í öðrum kjarasamningum eins og t.d. kjarasamningi KÍ vegna FG. Sem dæmi má nefna að greitt er fyrir gæslu kennara í frímínútum óháð frammistöðu í starfi t.d. hvernig starfsmenn hafi sinnt öðrum faglegum störfum s.s. undirbúningi.

Fundi slitið klukkan 11:00.

⁵ Fundargerðir 48. og 60. fundar samstarfsnefndar FT og SNS.

⁶ Grein 2.3.5 í kjarasamningi KÍ vegna FT.